



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
Tjarnargötu 11

### **Árshlutareikningur A-hluta og samantekinn árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2020**

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með verklagi við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar - júní 2020 með sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs og sérfræðingum sviðsins sem vinna að gerð reikningsskila. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Nefndin hefur einnig fundað með stjórnendum Félagsbústaða og Orkuveitu Reykjavíkur og fengið kynningu á árshlutareikningum þeirra félaga fyrir sama tímabil en árshlutareikningar þeirra og þá einkum Orkuveitunnar hafa töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Í störfum sínum leggur nefndin áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin.

Ofangreind yfirferð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – júní 2020 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.

Nefndin telur mikilvægt að skil B-hluta félaga á árshlutareikningum og öðrum gögnum vegna gerðar samantekinna reikningsskila (A- og B-hluti) verði tímanlegri. Nefndin hefur í hyggju að funda með stjórnendum B-hluta félaga og sérfræðingum á fjármála- og áhættustýringarsviði, þar sem áhersla verður lögð á skil félaganna á fjárhagsupplýsingum vegna gerðar samantekinna reikningsskila borgarinnar.

F.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar

Láraus Finnbogason

Afrit:

Halldóra Káradóttir, sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs